

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 30/2014

2014/EES/42/27

frá 14. febrúar 2014

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/135/ESB frá 15. mars 2013 um breytingu á ákvörðunum 2007/506/EB og 2007/742/EB í því skyni að lengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir tilteknar vörur ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 2y (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/506/EB) og í lið 2zc (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/742/EB) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32013 D 0135**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/135/ESB frá 15. mars 2013 (Stjtið. ESB L 75, 19.3.2013, bls. 34).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2013/135/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. febrúar 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. febrúar 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 75, 19.3.2013, bls. 34.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.